

FUNDARGERÐ

HORNSTRANDANEFND

Dags.fundar 23.3.2021	Tími 15:30-16:40	Staður Umhverfisstofnun - Teams	Nr. fundar 1
Fundarboðandi: Umhverfisstofnun		Fundarritari: Kristín Ósk Jónasdóttir	
Fundarmenn voru Andrea Harðardóttir og Birgir Gunnarsson frá Ísafjarðarbæ. Ingvi Stígsson, Margrét Katrín Guðnadóttir og Sölvi Sólbergsson f.h. landeigenda. Kristín Ósk Jónasdóttir frá Umhverfisstofnun.			
Afrít sent til: allra fundarmanna.			
1. Formleg opnun Hornstrandastofu Göngum út frá að opnað verði sumardaginn fyrsta, 22. apríl. Umhverfisráðherra mun opna stofuna formlega en fólk sem bjó á Hornströndum verður boðið sérstaklega velkomið. Opnunartímar gestastofunnar verða frá 1 – 3 á virkum dögum fram til 1. júní. En í sumar verðir opið frá 8 – 16 sex daga vikunnar. Starfsmaður í sumar verður Lydía Ósk sem var jafnframt í fyrra.			
2. Landvarðavikur og starfsmenn 2021 Fáum úthlutað sambærilegu vinnumagni og í fyrra. Að mestu leyti verður mannað með sömu starfsmönnum og undanarin ár.			
3. Innviðasjóður – 2021-2023 Hornstrandir fengu úthlutað úr Innviðasjóði fyrir árið 2021 5,75 milljón króna til viðbótar við framlag vegna þjónustuhúss. Skv. Þriggja ára plani sjóðsins á svæðið von á 48.480.000 árin 2022-2023 og eru þeir peningar til að gera göngubrú yfir Hesteyrará og fyrir samgöngubryggju við Hesteyri.			
4. Framkvæmdir innan friðlandsins árið 2021 Unnið er að því að sækja um byggingaleyfi á Hesteyri – óskað verður eftir því að Ísafjarðarbæ að þeir láti fara fram grenndarkynningu. Staðsetning þjónustuhúss hefur nú tekið breytingum frá fyrri tillögum að ósk Minjastofnunar sem leggst gegn byggingu í kartöflugörðum á svæðinu. Fjármagn hefur fengist til að vinna í lagfæringum á göngustígum í Hornvík, ljúka við gerð brúar yfir Skorará og laga göngustíga í Veiðileysufirði. Þessi verkefni verða unnin af starfsmönnum svæðisins ásamt sjálfboðaliðum.			
5. Endurskoðun fjöldatakmarkana - skv. stjórnar og verndaráætlun Samkvæmt aðgerðaráætlun Stjórnunar og verndaráætlunar fyrir friðlandið á árið 2021 að endurmenta reglur er varða fjöldatakmarkanir og tilkynningaskyldu. Ákveðið að fresta endurskoðuninni þar sem ekki var um hefðbundið ferðamannasumar að ræða í fyrra og því ekki komin sú reynsla á þetta fyrirkomulag. Ákveðið að taka umræðuna upp aftur á næsta fundi nefndarinnar.			

6. Breytingar á reglum

Umhverfisstofnun hefur verið með í kynningu fyrirhugaða breytingu á tveimur reglum stjórnunar- og verndaráætlunar. Þ.e. regluna sem varðar kvikmyndatökur og regluna er varðar flug. Reglubreytingin er nú að fara í kynningu og er kynningartíminn næstu 6 vikurnar.

7. Framandi ágengar tegundir

Rætt um framandi ágengar tegundir innan svæðisins og möguleikann á að takmarka þær. Sérstök umræða um mink og minkaveiðar.

Önnur mál

Nefndarmönnum var kynnt þrívíddarkort af Hornströndum sem er að finna inn á kortasja.ust.is